

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

323. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 09.09.2013, kl.07:30 á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5.

Mættir eru:

Margrét Gauja Magnúsdóttir, Páll Hilmarsson, Ómar Stefánsson, Karl Sigurðsson, Bjarni Torfi Álfþórsson og Hafsteinn Pálsson. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar. Skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir boðaði forföll.

Tekið fyrir:

1. Rekstraráætlun 2014 - 2018

Framkvæmdastjóri kynnir drög að rekstraráætlun og fer yfir forsendur. Málið rætt. Frestað til næsta fundar.

2. Starfsleyfi urðunarstaðarins í Álfsnesi

Í gildi er undanþága veitt af umhverfis- og auðlindaráðuneyti til 1. október 2013. Ljóst er að ekki næst að auglýsa nýtt starfsleyfi fyrir þann tíma og hefur þegar verið sótt um framlengingu til a.m.k. næstu áramóta.

3. Eigendafundur þann 2.09.2013

Lögð fram fundargerð af eigendafundi SORPU bs. frá 2. september síðastliðnum.

4. Móttaka spilliefna á endurvinnslustöðvunum

Framkvæmdastjóri greinir frá því að samningur við Efnamóttökuna um móttöku spilliefna hafi verið framlengdur til 31. Janúar 2014. Efnamóttakan var ekki tilbúin í styttri samning. Stjórn staðfestir breytta tímalengd á samningnum.

Næsti fundur stjórnar verður boðaður síðar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:15

Fundarritari Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur.

(Handwritten signatures)

Margrét Gauja Magnúsdóttir
Ómar Stefánsson
Páll Hilmarsson
Karl Sigurðsson
Bjarni Torfi Álfþórsson
Hafsteinn Pálsson
Björn H. Halldórsson
Sigríður B. Einarsdóttir